



## 10. Hvað ef ...

... jörðin væri flöt?



<b>Málefni</b>	Almenn mannréttindi, menntun og tómstundir, fátækt og félagslegt öryggi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Aldur</b>	8–13 ára
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Hópstærð</b>	8–20 börn
<b>Tegund verkefnis</b>	Greining, leikræn tjáning, umræður
<b>Yfirlit</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að gera sér grein fyrir áhrifum mannréttinda og að þau eru innbyrðis háð</li> <li>• Að gera sér grein fyrir réttindum sem notið er í daglegu lífi</li> </ul>
<b>Markmið</b>	Börnin ímynda sér hvaða áhrif tiltekna aðstæður gætu haft, og færa svo niðurstöðuna í leikbúning
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veldu eða skapaðu aðstæður sem höfðu til barnanna, reynsluheims þeirra og vandamála</li> <li>• Ljósritaðu spjöldin sem lýsa aðstæðum og klipptu þau út</li> <li>• Ljósritaðu áhrifakeðjuna.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðstæður á spjaldi</li> <li>• Blöð og pennar fyrir kynningar</li> <li>• Ljósrit af áhrifakeðjunni</li> </ul>

### Leiðbeiningar

1. Kynntu verkefnið fyrir börnunum og segðu þeim að þau eigi öll að reyna að ímynda sér „hvað ef ...“. Stundum eigi þau að ímynda sér eitthvað gott (t.d. „Hvað ef það yrði aldrei aftur stríð í heiminum?“) og stundum eitthvað slæmt (t.d. „Hvað ef það kæmi upp stríðsástand á landinu?“). Þau fá síðan einhverjar aðstæður í hendur og eiga að hugleiða hvaða áhrif þær geti haft á líf fólks.
2. Sýndu þeim áhrifakeðjuna og hvernig einhverjar aðstæður geta haft keðjuverkun í för með sér; nefndu einfaldar og kunnuglegar aðstæður (t.d. hvað ef þú mættir ekki ganga í skóla? > Lærir ekki að lesa > Getur ekki farið eftir skriflegum leiðbeiningum, skilið landakort, skrifað bréf, notað tölvu).
3. Skiptu börnunum í litla hópa og láttu hvern hóp fá eitt spjald með aðstæðum, ljósrit af áhrifakeðjunni og penna. Segðu þeim að vinna verkefnið saman.
4. Þegar börnin eru búin að útfylla áhrifakeðjuna segirðu þeim að nú eigi þau að undirbúa leikatriði sem sýni hvaða áhrif þau hafi ímyndað sér að aðstæðurnar, sem þau fengu úthlutað, gætu haft. Gefðu börnunum tíma til að undirbúa sig.
5. Fáðu hópana, hvern á fætur öðrum, til að lesa upp aðstæður sínar og leika atriðið sitt.
6. Að hverju atriði loknu skaltu leita eftir viðbrögðum og athugasemdum með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Haldið þið að þessar aðstæður geti líka haft einhver önnur áhrif?
  - b. Hvaða mannréttindi koma við sögu í þessum aðstæðum? Er brotið á réttindum við þessar aðstæður? Eru réttindi eflað eða varin?
  - c. Koma önnur réttindi við sögu í tengslum við þau áhrif sem þessar aðstæður skapa?



## Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Hvað finnst ykkur um þetta verkefni?
  - b. Var erfitt að ímynda sér þær aðstæður sem þið fenguð í hendur?
  - c. Var erfitt að hugsa sér þau áhrif sem þessar aðstæður gætu haft?
  - d. Teljið þið að þessar aðstæður séu raunhæfar? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - e. Haldið þið að svona aðstæður fyrirfinnist í heiminum?
  - f. Hvernig mynduð þið bregðast við í þessum aðstæðum?
  - g. Hvað gætum við gert til að breyta þessum aðstæðum?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Þegar brotið er á einum réttindum, hvaða áhrif hefur það þá á önnur réttindi? Getið þið nefnt einhver dæmi úr leikatriðunum?
  - b. Þegar ein réttindi eru eflað og varin, hvaða áhrif hefur það þá á önnur réttindi? Getið þið nefnt einhver dæmi úr leikatriðunum?
  - c. Hvers vegna þurfum við á öllum okkar mannréttindum að halda?

## Tillögur um framhald

- Í verkefnunum „Sigt til framandi strandar“, bls. 167, og „Mikilvægast fyrir hvern?“, bls. 146, er einnig fjallað um á hvern hátt réttindi eru háð innbyrðis.
- Í verkefninu „Allt sem við vitum“, bls. 53, eru börnin beðin að hugleiða hvaða afleiðingar það hefur að eiga ekki kost á því að stunda nám.

## Hugmyndir um aðgerðir

Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, eru börnin látin gera umbætur á því réttarumhverfi sem þau hrærast í. Með því að vera með stjórnarskrá fyrir hópinn koma hin margþættu áhrif raunverulegs réttarumhverfis í ljós.

## Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Það fer alveg eftir þeim aðstæðum sem þú setur börnin í hve miklum árangri þetta verkefni skilar. Breyttu aðstæðum eða finndu upp á nýjum aðstæðum sem höfðu til reynsluheims barnanna. Beina má sjónum að almennum mannréttindum eða einhverju tilteknu réttindamálefni. Til dæmis væri hægt að skapa aðstæður sem snúast eingöngu um félagsleg og efnahagsleg réttindi eða tiltekin málefni á borð við kynjajafnrétti eða umhverfismál. Reyndu að vera bæði með jákvæðar aðstæður (t.d. hvað ef karlar og konur fengju sömu laun? Hvað ef allir íbúar bæjarins settu helminginn af öllum úrgangi í endurvinnslu?) og neikvæðar (t.d. hvað ef einungis karlar mættu eiga fasteignir? Hvað ef hver og einn hinna fullorðnu í bænum ætti eigin bíl?).
- Vertu reiðubúin(n) til að nefna dæmi um raunverulegar aðstæður af þessu tagi sem kunna að eiga sér stað eða hafa átt sér stað áður fyrr, t.d. að konur hafi ekki mátt eiga fasteignir eða stunda nám.

## Tilbrigði


- Láttu nokkra hópa eða jafnvel alla hópana glíma við sömu aðstæður. Berðu saman hve ólíkar hugmyndir börnin hafa um áhrif þeirra.
- Skiptu börnunum í kynbundna hópa og berðu saman ólík viðbrögð þeirra við sömu kynbundnu aðstæðunum.
- Hægt er að spara tíma með því að sleppa leikatriðunum eða kynna þau með látbragðsleik eða myndastyttuleik.



### Breytingar

- Vegna yngri barnanna: slepptu áhrifakeðjunni og farðu beint í leikatriðin. Yngstu börnin geta átt erfitt með að skilja hvernig réttindi geta verið háð innbyrðis; leggðu þess í stað áherslu á hve mikilvægt sé að njóta allra réttinda sinna.
- Vegna eldri barnanna: segðu þeim að tengja atriðið sitt við einhverjar tiltekna greinar í Mannréttindayfirlýsingunni og/eða Barnasáttmálanum.

## EFNI TIL DREIFINGAR: ÁHRIFAKEÐJA



## EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM LÝSA AÐSTÆÐUM

Hér á eftir eru nokkrar aðstæður sem nota má. Veldu þær aðstæður sem henta hópnum þínum best eða búðu til nýjar. Hafðu aðstæðurnar bæði jákvæðar og neikvæðar.

**AÐSTÆÐUR 1**

Stjórnvöld hafa ákveðið að loka öllum skólum og æðri menntastofnunum. Frá og með morgundeginum geta öll börn gert það sem þau vilja í stað þess að fara í skólann.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 2**

Stjórnvöld hafa ákveðið að leggja niður öll sjúkrahús í sparnaðarskyni. Það verða ekki lengur neindir læknar eða lyfjaverslanir til staðar. Þess í stað verður hægt að fá ódýrar bækur um grasalækningar.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 3**

Stjórnvöld hafa ákveðið að bannað sé að leika sér á götum úti, í almenningsgördum, skólum eða annars staðar þar sem fólk sér til. Enn fremur verður öllum leikfangaverslunum lokað og öllum verður bannað að selja leikföng. Allir sem staðnir verða að því að leika sér í heimahúsi verða sóttir til saka og jafnvel dæmdir í fangelsi.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 4**

Stjórnvöld hafa ákveðið að frá og með morgundeginum megi aðeins stelpur ganga í skóla og leika sér í frístundum. Allir strákar verða að fara að vinna í verksmiðjunni.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 5**

Stjórnvöld hafa ákveðið að frá og með morgundeginum megi enginn sjást með fleiri en tveimur persónum í einu. Fólk er bannað að koma saman í hópum. Refsað verður með fangavist ef brotið er gegn því banni.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 6**

Stjórnvöld hafa ákveðið að í öllum skólum verði tölvuherbergi með svo mörgum tölvum að öll börnin geti notað tölvu í minnst þrjár klukkustundir á viku.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

**AÐSTÆÐUR 7**

Stjórnvöld hafa ákveðið að koma á fót æskulýðsráði sem á að vera ráðgefandi um málefni barna heima í héraði. Allir skólar í sveitarfélaginu mega kjósa tvo fulltrúa til setu í þessu ráði.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?



## EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM LÝSA AÐSTÆÐUM

### AÐSTÆÐUR 8

Stjórnvöld hafa ákveðið að gefa öllum börnum tækifæri til að heimsækja annað land innan Evrópu áður en þau ná þrettán ára aldri í því skyni að auka skilning milli þjóða.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

### AÐSTÆÐUR 9

Stjórnvöld hafa ákveðið að hvetja skuli fötluð börn eins og hægt er til samfélagslegrar þátttöku. Ryðja skal fyrirstöðum þar að lútandi úr vegi og veita börnunum alla þá aðstoð sem þau kunna að þarfnast, svo sem hjólastóla, heyrnartæki, bækur á blindraletri og tölvur. Fötluð börn ættu að vera í sama skóla og önnur börn eftir því sem mögulegt er.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

### AÐSTÆÐUR 10

Stjórnvöld hafa ákveðið að frá og með morgundeginum verði öll börn sem falla á prófi látin hætta í skólanum. Aðeins börnum sem aldrei falla á prófi er leyft að stunda nám áfram.

Hvaða áhrif mundi það hafa hér og nú? Og næstu árin?

